

## Messur

**Árbæjarkirkja:** Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Organistari Sigrún Steingrimsdóttir. Prestarnir.

**Áskirkja:** Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Kaffi eftir messu. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

**Breiðholtskirkja:** Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 11. Samkoma ungs fólks með hlutverk kl. 20. Gísli Jónsson.

**Bústaðakirkja:** Barnaguðsþjónusta kl. 11. Foreldrar hvattir til þátttöku með börnunum. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Guðni P. Guðmundsson. Pálmi Matthíasson.

**Digraneskirkja:** Messa kl. 11. Altarisinganga. Organisti Smári Ólason. Sunnudagaskóli kl. 11. Gunnar Sigurjónsson.

**Dómkirkjan:** Messa kl. 11. Prestur sr. Hjalti Guðmundsson. Dómkórinn syngur. Organistari Marteinn H. Friðriksson. Barnastarf í safnaðarheimilinu á sama tíma og í Vesturbæjarskóla kl. 13. Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Jakob A. Hjalmarsson. Fundur fermingarbarna og foreldra þeirra að messu lokinni.

**Eyrabakkakirkja:** Barnaguðsþjónusta kl. 11.

**Fella- og Hólakirkja:** Messa kl. 11. Prestur sr. Hreinn Hjartarson. Organisti Lenka Mátéová. Barnaguðsþjónusta á sama tíma í umsjón Ragnars Schram. Prestarnir.

**Friðkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík:** Í dag, laugardag, kl. 11 flautuskólinn í Safnaðarheimilinu. Sunnudag barnaguðsþjónusta kl. 11.15. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Pavel Smid. Cecil Haraldsson.

**Grafarvogskirkja:** Barnaguðsþjónusta kl. 11. Umsjón hafa Hjörtur og Rúnna. Barnaguðsþjónusta í Rimaskóla kl. 12.30 í umsjón Jóhannu og Ólafs. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Agúst Armann Þorláksson. Prestarnir.

**Grensáskirkja:** Barnasamkoma kl. 11. Messa kl. 14. Prestur sr. Halldór S. Gröndal. Organisti Árni Arinbjarnarson.

**Hallgrímskirkja:** Barnasamkoma og messa kl. 11. Sr. Ragnar Fjalur Lárússon. **Háteigskirkja:** Barnaguðsþjónusta kl. 11. Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir. Messa kl. 14. Sr. Tómas Sveinsson.

**Hjallakirkja:** Messa kl. 11. Altarisinganga. Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar. Fermingarbörn aðstoða. Barnaguðsþjónusta kl. 13 í umsjá sr. Bryndísar Möllu og Dóru Guðrúnar. Foreldrar eru hvattir til þátttöku með börnum sínum. Organisti Oddný Þorsteinsdóttir. Kristján Einar Þorvarðarson.

**Keflavíkurkirkja:** Sunnudagaskóli kl. 11 árd. í umsjá Málfríðar og Ragnars, Laufeyjar og sr. Sigfúsar. Verið með á nýju ári. Munið skólabílinn. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur: Ólafur Oddur Jónsson. Kór Keflavíkurkirkju syngur. Organisti: Einar Örn Einarsson. Prestarnir.

**Kópavogskirkja:** Barnastarf í safnaðarheimilinu Borgum kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Dr. Sigurjón Arni Eyjólfsson héraðsprestur prédikar og þjónar fyrir altari. Organisti Örn Falkner. Ægir Fr. Sigurgeirsson.

**Kvennakirkjan:** Janúarmessa Kvennakirkjunnar verður í Laugarneskirkju sunnudaginn 14. janúar kl. 20.30. Séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar. Kór Kvennakirkjunnar leiðir almennan söng undir stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur við undirleik Aðalheiðar Þorsteinsdóttur. Kaffi á eftir í safnaðarheimilinu.

**Landspítalinn:** Messa kl. 10. Sr. Jón Bjarnar.

**Langholtskirkja,** Kirkja Guðbrans biskups: Messa kl. 11. Prestur sr. Flóki Kristinsson. Almennur safnaðarsöngur. Sunnudagaskóli á sama tíma í umsjá Báru Friðriksdóttur og Sóleyjar Stefánsdóttur. Kaffisopi eftir messu.

**Laugarneskirkja:** Messa kl. 11. Hólmfríður Friðjónsdóttir syngur einsöng. Félagar úr kór Laugarneskirkju syngja. Organisti Gunnar Gunnarsson. Barnastarf á sama tíma. Guðsþjónusta kl. 14 í Sjálfsbjargarhúsinu, Hátúni 12. Ólafur Jóhannsson.

**Lágafellskirkja:** Guðsþjónusta kl. 14. Barnastarf í safnaðarheimili kl. 11. Jón Þorsteinsson.

**Neskirkja:** Barnasamkoma kl. 11. Opíó húsfélag kl. 10. Munið kirkjubílinn. Messa kl. 14. Sr. Frank M. Halldórsson.

**Innri-Njarðvíkurkirkja:** Sunnudagaskóli sunnudaginn 14. jan. kl. 13.

**Ytri-Njarðvíkurkirkja:** Sunnudagaskóli sunnudaginn 14. jan. kl. 11. Baldur Rafr Sigurðsson.

**Óháði söfnuðurinn:** Messa kl. 14. Barnastarf á sama tíma. Lofgerðarsveit Filadelfíukirkjunnar syngur. Kaffi og maull eftir messu.

**Seljakirkja:** Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar. Organisti Kjartan Sigurjónsson. Sóknarprestur.

**Seltjarnarneskirkja:** Messa kl. 11. Prestur sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir. Organisti Vera Gulasciova. Barnastarf á sama tíma.

**Stokkseyrarkirkja:** Messa kl. 14. **Villingaholtskirkja í Flóa:** Messa nk. sunnudag kl. 13.30. Vænst er þátttöku fermingarbarna. Kristinn Á. Friðfinnsson.

## Hörkuleikir í körfuboltanum:

# Undanúrslit í bikarkeppninni

„Leikurinn leggst vel í mig og við eigum góða möguleika. Að sjálfsögðu kemur ekkert annað en sigur til greina. Það eru orðin allt of mörg ár síðan við lékum til úrslita í bikarkeppninni. Þá töpuðum við stórt en ég gleymi því ekki í bráð. Núna á auðvitað að gera betur en til þess þurfum við að sigra Þór. Þetta verður spurning um dagsformið en pressan er meiri á okkur því það ætlast allir til þess að við vinnum leikinn,“ segir Reynir Kristjánsson, þjálfari Hauka, um viðureign sinna manna gegn Þór í undanúrslitum bikarkeppni KKÍ sem fram fara á sunnudaginn kl. 16.



Reynir Kristjánsson, þjálfari Hauka, er staðráðinn í að leiða sína menn til sigurs í leiknum gegn Þór.

það óraunhæft. Þjálfarinn segir samt að leikurinn verði erfiður, ekki síst vegna þess að Fred Williams komi nú aftur í lið Þórs eftir tveggja leikja bann.

En hvað segir Reynir um hinn leikinn í undanúrslitunum, leik ÍA og KR? „Ég held að það skipti mjög miklu máli hvort Bow verður með KR-ingum eða ekki en hann hefur átt við meiðslu að stríða. Annars er voðalega erfið að spá fyrir um úrslitin,“ segir þjálfarinn sem viðureignir þó að gaman væri að mæta ÍA í úrslitunum en Reynir var um tíma liðsstjóri Akurnesinga og segist hafa nokkuð sterkar taugar til þeirra.



Undanúrslit í bikarkeppni KKÍ fara fram á sunnudaginn og þá mætast Haukar og Þór í Hafnarfirði og ÍA og KR á Akranesi. Í þessum tveimur leikjum verður örugglega hart barist enda mikið í húfi. Á myndinni er Skagamaðurinn Milton Bell í baráttu við nokkra KR-inga í leik liðanna fyrr í vetur. DV-myndir Brynjar Gauti



Fjórar sýningar verða opnaðar á Kjarvalsstöðum á morgun en á myndinni er eitt þeirra verka sem sýnd eru þar í austursalnum. DV-mynd GS

# Fjórar sýningar á Kjarvalsstöðum

Fjórar sýningar verða opnaðar á Kjarvalsstöðum á morgun. Í vestralsal er yfirlitssýning á verkum eftir franska abstraktmálarann Olivier Debré, sýning Komar og Melamid (Val fólksins) er í vestralsal, í austursal eru sýnd verk Kjarvals og ný verk Ingólfs Arnarssonar eru í miðsal en um síðastalda listamanninn er fjallað sérstaklega annars staðar í blaðinu.

Olivier Debré er einn af merkari abstraktmálurum Frakkna sem

komu fram og endurnýjuðu málverkið eftir seinna stríð. Hann sýndi fyrst árið 1940 expressionískar abstraktmyndir en eftir 1960 verður afgerandi endurnýjun í verkum listamannsins þegar hann stækkar myndirnar og einfaldar formin.

Komar og Melamid eru rússneskir myndlistarmenn sem störfuðu um árabíl að list sinni undir oki Sovétstjórnarinnar þar sem þeir skipulögðu m.a. hina þekktu jarð-

ýtusýningu árið 1974. Fjórum árið síðar fluttust þeir til Bandaríkjanna þar sem þeir búa og vinna að list sinni. List þeirra er framsækin hugmyndalist þar sem meginviðfangsefnið er menningar-félagsleg umfjöllun um listina og samfélagið.

Í Kjarvalssal hefur Helga Þorgils Friðjónssyni verið boðið að setja saman sýningu á verkum Kjarvals. Helgi Þorgils hefur valið á þriðja hundrað teikninga sem ekki hafa verið sýndar áður opinberlega.

## Íþróttir



Landsliðsmarkvörðurinn Bergsveinn Bergsveinsson verður í eldínunni þegar félag hans, Afturelding, fær KA í heimsókn í Mosfellsbæinn á sunnudaginn.

## Handbolti

### Nissan – deildin:

Afturelding – KA	Su kl. 16.30
FH – KR	Su kl. 20
Selfoss – Gróttu	Su kl. 20
ÍR – ÍBV	Su kl. 20
Víkingur – Haukar	Su kl. 20

### 1. deild kvenna:

Fylkir – FH	Lau kl. 16
ÍBA – Fram	Lau kl. 16
Haukar – ÍBV	Lau kl. 16.30
Valur – Stjarnan	Su kl. 18.15
Víkingur – KR	Su kl. 18.30

## Körfuknattleikur

### Undanúrslit í bikarkeppni karla:

Haukar – Þór	Su kl. 16
Akranes – KR	Su kl. 16

### 1. deild kvenna:

Tindastól – ÍA	Lau kl. 14
Breiðablik – ÍS	Lau kl. 16.30

## Knattspyrna

### Íslandsmótið innanhúss

1. deild karla verður leikin á laugardag frá klukkan 10 – 19.30 og úrslitakeppnin hefst klukkan 14 á sunnudag og lýkur með úrslitaleik klukkan 17.30. 1. deild kvenna verður leikin á laugardag og sunnudag og lýkur með úrslitaleik klukkan 17. Leikið er í Laugardalshöll. 2. deild karla verður leikin í Austurbergi á sunnudaginn og 3. deildin á sama stað á laugardegnum.

## Ferðafélag Íslands: Vetrarganga um skógarstíga

Á sunnudaginn verður Ferðafélag Íslands með vetrargöngu um skógarstíga en farið verður í Víflsstaðahlíð kl. 11. Þetta er létt og þægileg gönguleið fyrir alla fjölskylduna. Ekið er að Maríuvöllum og gengið sem leið liggur með fram hlíðinni. Komið er til baka um kl. 16.

Brottför er frá Umferðarmiðstöðinni og Mörkinni 6.

### Útivist:

## Póstleiðin 1790

Á morgun eru fimm ár liðin síðan farinn var fyrsti áfangi Póstgöngunnar, raðgöngu Útivistar 1991. Áfangarnir urðu þrjátíu og þeim síðasta lauk 29. desember á sama ári.

Til að rifja upp þessa lengstu raðgöngu, sem Útivist hefur staðið fyrir, verður farið með Akraborginni kl. 9.30 í fyrramálið og ekið með rútu frá Akranesi upp að Leirá. Þaðan verður gengin póstleiðin sem farin var 1790 á milli Leirá og Innra-Hólms. Síðan verður ekið aftur að Akraborg og komið til Reykjavíkur um kl. 18.

Fararstjóri verður Einar Egilsson.

## Ferð um Búrfellsgjá

Á sunnudag er lagt af stað á vegum Útivistar kl. 10.30 í ferð um Búrfellsgjá og nágrenni. Ekið verður að Veghjóllum í Víflsstaðahlíð og þaðan gengið um gjána að Búrfelli. Komið verður við í Valabóli og gengið um Kaldársel. Gera má ráð fyrir um 3 klst. göngutíma.

Fararstjóri verður Helga Jörgensen.